

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu um endurgreiðslu á 133 sveitarstyrk. 5. nóv.

Hreppsnefndin í Villingaholtshreppi í Árnæssýslu hefir áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 25. sept. f. á., sem ákveður, að Kleifahreppur hinn forni í Skaftafellssýslu skuli aðeins endurgreiða 61 kr. 33 a. af 92 kr. fátækrastryrk, veittum í Villingaholtshreppi Sigríði nokkurri Guðmundsdóttur, sem talin er sveitlæg í Kleifahreppi hinum forna.

Hreppsnefnd Villingaholtshrepps ráðstafaði þurfalingi þessum, sem samkvæmt læknisvottorði varð eigi flutt á sveit sína, vorið 1913 til framfærslu um tímabilið frá 15. júní 1913 til jafnlengdar 1914 fyrir 140 kr. ársmeðlag. Af þessu meðlagi greiddi Villingaholtshreppur 92 kr., er hann í janúar f. á. krafðist endurgoldnar að fullu, vegna þess að þurfalingurinn hafi ekki verið flutningsfær. Þjer hafið í úrskurði yðar ákveðið, að hreppurinn skuli aðeins fá endurgreidda $\frac{2}{3}$ hluta meðlagsins, vegna þess að þurfalingnum hafi verið ráðstafað og um ársmeðlagið verið samið áður en lög nr. 33 frá 20. október 1914, um breyting á fátækralögum 10. nóv. 1905, gengu í gildi. Á þetta verður þó ekki fallist. Um endurgjaldsskyldu á meðlaginu fer eftir þeim lögum, sem gilda á hverjum tíma af meðlagsárinu. Lögin frá 29. október 1913 öðluðust gildi 15. janúar 1914 og frá þeim tíma hafa þau áhrif á endurgreiðsluskyldu meðlaganna, sem áfalla frá þeim tíma; um meðlögin til þess tíma gilda hin eldri lög. Af hinu umsamda 140 kr. ársmeðlagi falla á tímenn frá 15. júní 1913 til 15. janúar 1914 81 kr. 72 aur., og af þeim á framfærslusveitin að endurgreiða dvalarsveitinni $\frac{2}{3}$ eða 54 kr. 48 aur., en alt meðlagið, að rjettri tiltölu, áfellur frá og með 15. janúar 1914. Af framangreindum 92 kr., sem gjörð er krafa til í þessu máli, á framfærslusveitin því að greiða kr. 54.48 og kr. 10.28, eða samtals 64 kr. 76 aur.

Samkvæmt framanskráðu úrskurðast hjermeð, að Kleifahreppur hinn forni skuli endurgreiða Villingaholtshreppi 64 kr. 76 aur. af umræddum fátækrastryrk.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Kleifahrepps hins forna.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Árnæssýslu um endurgreiðslu á 134 meðlögum. 10. des.

Hreppsnefndin í Vestmannaeyjahreppi hefir áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 26. júní f. á., er ákveður, að Sandvikurhreppur í Árnæssýslu skuli vera laus við að endurgjalda fyrstnefndum hreppi nokkuð af 168 kr. 70 au. eftirstöðvum af meðlögum, að upphæð 180 kr., með börnum Jóns nokkurs Erlendssonar og Þuríðar nokkurrar Jónsdóttur, Viktoríu og Jónu, sem Vestmannaeyjahreppur hefir greitt móðurinni eftir leyfisbrjefi til skilnaðar að borði og sæng fyrir nefnd hjón, útgefnu af bæjarfógetanum í Reykjavík 27. okt. 1910.

Þau ákvæði fátækralaganna, 30. gr. sbr. 39. gr. þeirra, sem hreppsnefnd Vestmannaeyjahrepps ber fyrir sig að heimili umrædda greiðslu af hennar hálfu

134 af meðlögunum samkvæmt framannefndu leyfisbrjefi, verða ekki talin eiga hjer
10. des. við, er um er að ræða samning milli hjóna, sem aðeins eru skilin að borði og
sæng, heldur aðeins er hjón eru skilin að lögum, sbr. einnig 54. gr. nefndra laga.
Með því að umrædd greiðsla til konunnar heldur ekki fullnægir þeim skilyrðum,
sem sett eru fyrir veitingu fátækrastryrks, verður framfærsluveit hjónanna, Sand-
víkurhreppur, ekki skyldur til að endurgreiða nefndar meðlagseftirstöðvar 168 kr.
70 au., en 11 kr. 30 au. af hinum útlögðu 180 kr. hefir Vestmannaeyjahreppur
fengið endurgoldnar við lögtaksgjörð hjá mannum.

Samkvæmt framanrituðum ástæðum verður fyrgreindur úrskurður yðar,
um að Sandvíkurhreppur skuli vera laus við endurgjaldskröfu Vestmannaeyja-
hrepps í þessu máli, að standa óhaggaður.

Þetta er yður hjer með tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd
Sandvíkurhrepps.

Reglugjörð

135

17. des.

um breyting á og viðauka við reglugjörð 28. apríl 1915 um bifreiðar og próf fyrir bifreiðarstjóra.

I. Í staðinn fyrir ákvæðin í reglugjörð 28. apríl 1915, um bifreiðar og
próf fyrir bifreiðarstjóra, B, 1.c komi svohljóðandi ákvæði:

c. Vottorð læknis um:

Að hann hafi, með eða án gleraugna, minst sjónskerpu á $\frac{6}{9}$. á betra
auga, en $\frac{6}{18}$. á hinu, og að útsýnið, prófað með hendinni, sje eðlilegt.
Að hann hafi heyrn svo góða, að hann að minsta kosti heyri orð, töluð
vanalegum rómi, í 16 metra fjarlægð, og ekki minni heyrn á verra eyra
en að hann heyri þau í 2 metra fjarlægð.

Að hann sje svo limaliðugur, að honum sje fært að nota hendur og fætur
við aksturinn (sbr. 4.).

II. Aftan við B, 4. í nefndri reglugjörð er bætt þessum ákvæðum:

Læknisvottorð það, sem ræðir um í 1.c, skal endurnýja fimta hvert
ár og leggja fyrir lögreglustjóra, sem ritar vottorð um það á ökuskir-
teinið, eða gefur út nýtt ökuskirteini, að öðrum kosti er ökuskirteini
úr gildi fallið.

Í stjórnarráði Íslands, 17. desember 1915.

Einar Arnórsson.

Jón Hermannsson.